



*Þakkir til þeirra,
sem þakka þér*

Diskurinn inniheldur 14 lög, öll eftir mig og hafa eingöngu tvö þeirra með núverandi textum verið gefin út áður á „**Staksteinar 3 / Danshljómsveit Friðjóns**“. Færi ég Friðjóni og félögum kærar þakkir fyrir alla velvild mér til handa. Textarnir eru allir mínir, utan tveggja. Annars vegar er um að ræða texta titillagsins; „*Við skulum ekki hafa hátt*“ (höfundur **Hrönn Jónsdóttir** á Djúpavogi). Hins vegar er textinn „*Bar-lómur*“ (höfundur **Stefán S. Bragason** á Egilsstöðum). Sá mæti vinur minn veitti mér einnig holl ráð við frágang flestra texta minna á þessu heildarverki og munaði um minna. Hafi þau bæði þakkir fyrir ómetanlegt framlag.

Áður en lengra er haldið vil ég nefna aðkomu **Guðmundar Rafnkels Gíslasonar** að verkinu. Hafandi leitað fyrir mér um stund hvatti hann mig til að hafa samband við **Daníel Arason**, tónlistarmann og fá hann

til að sjá um útsetningar og upptökur. Auk mats GRG á hæfileikum DA að taka að sér svona verkefni benti hann mér á, að nýta mætti sambönd DA við fjölda tónlistarfólks við útvegum undirleikara og söngvara. Það gekk svo sannarlega eftir. Útsetjarinn stóð undir öllum væntingum og vil ég halda því fram, að hann hafi nú þegar skapað sér verðugan sess meðal hérlandra útsetjara og fylli því þann hóp, sem bera mega sæmdarheitið „*Georg Marteins. Íslands*“. (Lesendum til glöggvunar minni ég á að George Martin var kallaður fimmti Bítillinn, en útsetningar hans áttu mikinn þátt í því að gera verk hinna fjögurra frambærilegri en ella hefði orðið). GRG syngur tvö laganna og DA eitt. Sá síðarnefndi raddar einnig í nokkrum laganna. Án þátttöku þessara tveggja heiðursmanna hefði hugmyndin verið andvana fædd.

Daníel stofnaði húshljómsveitina „*Tryggvi tvíbenti*“ til að mynda grunn að undirleik á diskunum í heild. Hann sér nánast alfarið um

hljómborðsleik (ásamt gítar í tveimur lögum og saxófón í einu). Til verka með sér kallaði hann eftirtalda: **Erik Qvick** á trommur, **Guðjón Steinar Þorláksson** á bassa og **Bjarna Frey Ágústsson** á gítar. Við hlustun kemur í ljós að þarna er valinn maður í hverju rúmi svo sem vænta mátti. Hið sama gildir um alla hina fjölmörgu undirleikara aðra, er að verki komu og ljá einstökum lögum aukna dýpt og gera þau að því leytinu til mjög áheyrileg.

Full ástæða væri til að fjalla um alla söngvara-ana. Sökum plássleysis greini ég ekki frá nöfnum þeirra hér, en nöfn aðalsöngvara má finna neðan við nafn hvers lags á undan viðeigandi texta.

Ég get samt ekki látið hjá líða að nefna þrjá einstaklinga, sem reyndust mér betri en öngvir, þegar ég var að reyna að koma lögum mínum á framfæri. Fyrst skal talinn **Svavar Sigurðsson**, stofnandi Hammondhátíðar Djúpavogs. Honum vann ég með um tíma og kynntist hæfileikum hans sem hljóðfæralekara

og útsetjara. Hann reyndist mér sannur vinur í raun, spilaði inn „*demo*“ og auðveldaði mér að koma verkum mínum í hlustun ef svo má segja. Og það er að sjálfsögðu hann sem þenur Hammond orgelið í „*Bar-lómur*“. Næstan tel ég nafna minn, **Hafþór Val Guðjónsson**, en ég naut einnig oft afburða hæfileika hans á sviði tónlistar, einkum við frágang verka, sem ég sendi t.d. inn í dægurlagasamkeppnir af ýmsu tagi. Með honum (en etv. var það „*einkaflipp*“) stofnaði ég hljómsveitina ðö Hafthors, með okkur tvo í huga, ásamt nafna okkar Hafþór Snjólfi Helgasyoni og einu stk. ónafngreindum Hafþór í viðbót. Hljómsveit undir þessu nafni (með Magna Ásgeirsson sem söngvara) hefur oft komið fram á Bræðslunni á Borgarfirði, en ég bið enn eftir að verða kallaður til verka. Þriðji einstaklingurinn, sem ég hlýtt að nefna hér, er öðlingurinn **Einar Bragi Bragason**, sem frumútsetti „*Við skulum ekki hafa hátt*“ og ljær laginu einstaka dulúð með þverflautuleik sínum. Blessuð sé minning hans.

Lokaferlið í útgáfu tónlistar er kallað að hljóðblanda og „*mastera*“ upp á engilsaxnesku, þ.e. að sjá til þess að tónlistin ómi eins og bezt verður á kosið. Á disknum mínum er það **Gunnar Smári Helgason**, sem sér um þetta þýðingarmikla ferli (bæði hljóðblöndun og „ómbestun“) af mikillið alúð og kunnáttu.

Ljósmyndin framan á umslaginu er af „*Rakkabergi*“ nálægt Djúpavogi. Hana tók mágur minn, **Sigurður Jóhannesson**, og reyndar fleiri myndir, sem finna má á síðum þessum.

Vídeó, sem horfa má á, samhliða hlustun á „*Veröld sem var*“ t.d. á YouTube Music, tók **Valgeir Þór Jakobsson**.

Ljósmynd af munnhörpuleikaranum á miðsíðu umslagsins tók **Páll Guðjónsson**. Hönnun umslags var í höndum **Villa Warén**. Diskurinn er framleiddur af Tylius Optical Disc UAB í Vilnius.

Öllum framangreindum vil ég þakka fyrir að gera þessa útgáfu mína meira aðlaðandi en ella hefði verið. Að sjálfsögðu þakka ég einnig minni ágætu eiginkonu, **Hlíf B. Herbjörnsdóttur** þolinmæðina að hlusta á prufuupptökur og tjá álit sitt á þeim. Sá hún til þess með gagnrýni sinni og tónlistarinnsæi, að hlutir voru í tilfellum færðir til enn betri vegar. Þakkir fá einnig börnin okkar, **Halldóra Dröfn** og **Guðmundur Björnsson** fyrir margvíslega aðstoð. Hið sama á við um marga nána vini og ættingja.

Og að lokum vil ég þakka öllum þeim, sem styrktu verkefnið með beinum fjárframlögum þ.m.t. í gegnum KAROLINA FUND.

Ævinlega blessuð,

Stöðvarfirði 4. október. 2024

Björn Hafþór

1. Við skulum ekki hafa hátt

GUÐMUNDUR RAFNKELL GÍSLASON

Lag: Björn Hafþór Guðmundsson Texti: Hrönn Jónsdóttir

Við skulum ekki hafa hátt
upp' við hamrabergið blátt,
verður sofið sætt í nótt.

Léttfætt lítil álfamær,
sem að lék sér hér í gær,
sæl í svefni hvílir rótt.

Þokan milda, hægt og hljótt,
hylur okkar beggja slóð,
felur allt í faðmi sér.
Verður okkar ástarnótt
efn' í sögur eða ljóð,
sem að segja öðrum ber ?

Dulítinn kringum dvergastein
dögginn merlar tær og hrein
hina mjúku mosasæng.

Ótal gengin ævispor
kjarkinn þarf og þor
þá mun verða vor.

Krummi, upp' í klettagjá
sínur krummabörnum hjá
höfuð vermir undir væng.

Okkar ástarstund,
engan endi fær.
Ilma grös á grund,
vina, ver mér nær.

Við skulum ekki hafa hátt
upp' við hamrabergið blátt
verður sofið sætt í nótt.

2. Veröld sem var

HILMAR ÖRN GARÐARSSON
Lag og texti: Björn Halþór Guðmundsson

Um sólkerfis svið
hér svífum enn við.
Hvar eilífðin er
og augað vart sér.
Það sagt - það sagt - það sagt er mér.

Stöðugt er stríð
og stórskotahríð.
Mín veröld, sem var,
ei veit nú er hvar,
en samt - en samt - en samt er þar.

Sú von til er víst
meðan veröldin snýst,
að finni menn frið,
þótt fánýt - þótt fánýt - sé bið,
fánýt, já fánýt mun bið.

Innra vart veit,
von býr þó heit,
að brátt birti él,
burtu sé hel.
Það tæpt - það tæpt - það tæpt samt tel.

Sú von til er víst ...

3. Letinginn

EINAR ÁGÚST VÍÐISSON
Lag og texti: Björn Halþór Guðmundsson

Að morgunstund gefi gull
er gamaldags bull.
Betr' einn í fingrum fugl
en flugi á - rugl.

Ei lifi við sorg og sút,
en sef bara út.
Pizzan mín ekkert oj
eða minn Lazy-Boy.

Ég „*nenn' ekki neitt*“
það nærist við eitt
á koddanum kúra,
ei kauða finnst leitt.
„*Imbann*“ ég á
einn góni þá
og drauma við dúra,
fer dagur oft mér hjá,
eins og nú allir sjá.

Að hálfnað sé hafið verk
er hjátrú ei merk.
Á morgun er meira vit
að mæta í hæfilegt strit.

4. Ég syng minn sólarbrag

MARÍA BÓEL OG ÞORBJÖRN
Lag og texti: Björn Halþór Guðmundsson

Ég syng minn sólarbrag,
sýnist flest í hag.
Með söng á vörum því á fætur fer
fagran sumardag.

Mest örvast ást til þín
ef að sólin skín.
Ætíð sé þig fyrir augum mér,
ei þau ljúga, mín.

Nú leikur allt í lyndi,
langt í „*öldurót*“.
Með ást minni og yndi
á ég stefnumót - á ég stefnumót.

Þá bros mitt breiða finn
berast út kinn.
Eiga vil ég ævikvöld með þér,
elsku vinur minn.

Nú leikur allt í lyndi...

Já, nú leikur allt í lyndi,
langt í „*öldurót*“.
Því með ást minni og yndi
á ég stefnumót - á ég stefnumót.
Ég syng minn sólarbrag, í dag.

5. Bar-lómur

GARÐAR HARÐARSON

Lag: Björn Halþór Guðmundsson Texti: Stefán S. Bragason

Frúin farin,
frjáls því held á barinn.
Næsta tek ég túrinn.

Spakur spjalla,
sposkur dömur skjalla.
Þykist gæi, glúrinn.

Fer sem fer, nú fæ ég sopa mér.
Verð ör, villt fjör, og víraður mjög er.
En svo, já svo, tíminn týnist,
ekki allt, er sýnist.

Glær og gugginn,
greinist varla skugginn.
Glær og gugginn - hnugginn.

Upp á sker ei barlómur mig ber,
byrja núna endurhæfing fer.

Mig spyr, mig spyr, mun ég falla
út af erfða galla.

Veikur, vakna,
vænnar konu sakna.
Engist, strekktur, stúrinn.
Dapur, gæi glúrinn,
já, dapur gæi glúrinn.

6. Óvissan

GUÐMUNDUR RAFNKELL GÍSLASON

Lag og texti: Björn Halþór Guðmundsson

Óvissan er ekki góð,
aura nú er vant.
Enginn selur lengur ljóð
né lán fær „út á pant“.

Lítið veit um vaxtastig
og verðbótanna þátt.
Auraleysið angrar mig;
undir syngja mátt:

Hvað held ég, hvað heldur þú.
Hvað höldum við, hvað haldið þið.
Það held ég, hvað heldur þú.
Mun þetta lagast nú ?

Eins þó byðist yfirtíð,
áfram margur svalt.
Til útlanda í skjólin skrið,
„skattmann“ hirðir allt.

Benzín hækkar, burt mig dríf,
blæs'ann kaldur hér.
Á Bermúda er betra líf,
sem biður eftir mér.

Hvað held ég

Sem köppum fyrrum finnst þó oft
fögur vera hlíð
og vorkvöldin, er verma loft,
væn og unaðsblíð.

Landi þessu einu ann,
allt því gang' í hag.
Betur við mig hvergi kann,
kyrr því verð í dag.

Hvað held ég

7. Að virkja hug og hönd

AGNES OG HILDUR

Lag og texti: Björn Halþór Guðmundsson

Ungur heim' í Strýtu stóð,
starði á kvöldsins roðaglóð,
líkt og drengsins hrist hönd
héldu þá ei nokkur bönd.
Kuta hann með tálga tók
tíminn færni brátt á jók.
Í hrók að setj' á „Hannes einn“
harður breyttist steinn.



Kaus að virkja hug og hönd
hélt því brátt um ókunn lönd,
þar að efla líf og list
lærði margt í þeirri vist.
Menntaður er heim kom hann
hugmyndunum stað þá fann.
Listaverk hann gæða gaf
gnótt oss af.

Hann var hagleiksmaður,
höndin þétt og traust.
Stæltur, stórlundaður,
Strýtu úr til frægðar brauzt.

Eitt er rómað Ríkarðs safn
roða slær á mannsins nafn.
Í Löngubúð hjá víðum vog
verk hans standa lengi - og
komir þú sem aðrir inn,
undrun vaknar hvert eitt sinn,
að hann, hvers frami fór um lönd
hér festi bönd,
að virkja hug og hönd.

8. Aldrei kemur aftur þú

FRÍÐJÓN INGI JÓHANSSON
Lag og texti: Björn Halþór Guðmundsson

Minning um þig nú í bláma býr,
þótt birti dag, hann virðist ekki nýr,
af því núna farin ert mér frá
þín fagra mynd úr hug ei hverfa má.

Já, þig er ennþá margt, sem minnir á
og margt, er vekur bæði sorg og þrá;
að aftur komir og nú verðir kyrr,
en ekki hverfir, líkt og gerðir fyrr.

Með döprum huga dreymir mig,
jafnt dag og nótt um þig,
en aldrei kemur aftur þú,
það ætti að vita nú.

Mér sýnist ei að sofni vel í nótt,
þig sé í huga læðast til mín hljótt,
en veit þó samt, að bara blekking er,
því blotnar koddinn undir höfði mér.

9. Tíminn tifar

BJÖRN HAFÞÓR GUÐMUNDSSON
Lag og texti: Björn Halþór Guðmundsson

Mun ennþá morgun- koma -dagur,
er myndi bjartur verð' og fagur.
Víst spurn er sú,
víst spurnin vor er sú,
hvort versni hagur - mun versna hagur ?

Þinn lífs ég eini varð á vori,
vermdur af æskukraft' og þori.
Þá ást ég fann,
þá ork' og ást ég fann
í okkar spori - í okkar spori.

Ævi sína enginn veit,
né örlög, hver í sandinn reit.
Oss tímans tönn,
svo taktfast nagar,
margt taktinn bjagar,
því tíminn tifar,
æ tíminn tifar.

Já lífs vors þraut er löngum snúin
og lítið hægt að treyst' á „nú-in“.
Einn dag í senn,
einn dýrðar dag í senn,
ei dýrð er búin - ei dýrð er búin,
unz fer ég fúinn,
til ferðar knúinn.

Þú ert lífs míns eina ást,
ást vor seint mun burtu mást.
Já, þú ert lífs míns eina ást,
í órafjarlægð mun hún,
mun hún sjást,
mun hún sjást, vor ást.

10. Þú ert móðir mín

DANÍEL ARASON

Lag og texti: Björn Halþór Guðmundsson

Um fósturjarðar flóru
fögur urt mörg grær.
Una menn þar einkum,
ylji sólin skær.
Ganga þá um grundir
og gleðjast ef að sést
brumhnappur og berin,
sem borða viljum flest.

Oftast þó að inni
ærin þyki verk.
Út samt heldur hugur,
hefur ítök sterk;
allur gæða gróður,
sem gefur ilm og lit.
Nálgast hann og njóta,
já, nota aug' og vit.

Í blóma háu hafi
hópur jurta grær.
Einkum rósin rauða
þó reynast myndi kær.

Lengi mun hér lifa
ljúf þín minning tær.
Í garði áfram gróa
grösin björt og skær.
Þú ert rauðust rósa
þér röðull yfir skín.
Glaður yrð' ef gæti
ég gengið sporin þín.
Ei skal þrætt um þetta;
þú ert móðir mín.

(Ort um Rósu á Vengi)

11. Hann lætur koma jól

LÍSA OG HEIÐBJÖRT

Lag og texti: Björn Halþór Guðmundsson

Í dimmum desember
döpur stundum er.
Há ei himinsól
heldur kalt um ból.
Ljós ef lifna sé
á litlu grænu tré
þá ég þúsundfalt
þakka honum allt,
er bæði birt' og yl
barna færir til,
lífgar laut og hól
og lætur koma jól.

Ég það játa nú;
jól og barnatrú,
bæta marga menn
mér hún reynist enn,
von í vetrartið,

verður ár og síð.
Þá ég þúsundfalt,
þakka honum allt,
er lífgar laut og hól
og lætur koma jól.

12. Bezta gjöfin

KRISTJÁN INGIMARSSON

Lag og texti: Björn Halþór Guðmundsson

Bráðum fer nú helg í hönd
hátíð ljóssins mest.
Treystum fús þá tryggðabönd
trú við barna flest.

Úti þó sé rok og regn
rökkvist sær og fjöll,
jóla komu flutt er fregn
fagna börnin öll.

Öldnum vera ætti tamt
við ys og gleðihöld,
að minnast þeirra mörgu samt,
er með ei verð' í kvöld.

Af litlu mun nú fögnuð fá
fólkið smæsta hér.
Gleði að líta á barnsins brá
bezta gjöfin er.

Jólaljósín ljóma
lifnar bærinna við.
Salir söngva óma,
sýnist löng oft bið.

Af litlu mun nú fögnuð fá
fólkið smæsta hér.
Gleði að líta á barnsins brá,
bezta gjöfin er.

13. Dansinn dunar

FRÍÐJÓN INGI JÓHANSSON
Lag og texti: Björn Halfrór Guðmundsson

Þegar að dansinn dunar
dregst oft að pilti snót.
Taktsins í bylgjum brunar
og brosir við honum mót.

Komdu mín vina í valsinn
vertu í faðmi mér.
Úr augunum geislar galsinn
gott er að snúa þér.

Við skulum saman syngja
seiðandi þennan brag.
Tónarnir okkur yngja
óþýtt við dægurlag.

Við þó að blasi elli ár
ekki er komið haust.
Glaðst, þó að bráðum gráni hár,
getum við endalaust.

Dönsum nú ævi alla
örvar það beggja hag.
Viltu í faðm mér falla
og fegra mitt sólarlag.

Við þó að blasi elli ár...

14. Á vorsins vængjum

FRÍÐJÓN INGI JÓHANSSON
Lag og texti: Björn Halfrór Guðmundsson

Á vorsins vængjum
ég vald' að gleyma mér
og svíf' í sumar inn
í sól með þér.

Á æsku árum
mér innra kveiktir bál
já, lífs míns ástareld
í ungri sál.

Þig ævi alla
ég eina fann.
Af heilum huga
þér heitið vann.

Í hím' að hausti
enn höldum saman braut.
Til enda alla tíð
þig elska hlaut.

En þó að ætíð vær' ei sumar sól
ei sæla tóm á okkar leiðum.
Og þó að klífa þyrftum stundum háan hól
var „*heitið*“ okkar traust og skjól.

Og víst þótt vetur
oss vitji kaldur senn,
ei sól í sinni þó
mun setjast enn.

Þig ævi alla ...

Á vorsins vængjum ...

Söngur

Agnes Sólmundsdóttir

Björn Hafþór Guðmundsson

Daníel Arason

Edda Guðnadóttir

Einar Ágúst Víðisson

Friðjón Ingi Jóhannsson

Garðar Harðarson

Guðlaugur Sæbjörnsson

Guðmundur Rafnkell Gíslason

Heiðbjört Stefánsdóttir

Hildur Sólmundsdóttir

Hilmar Örn Garðarsson

Jónas Þór Jóhannsson

Kristján Ingimarsson

Lísa Leifsdóttir

María Bóel Guðmundsdóttir

Stefán S. Bragason

Þorbjörn Rúnarsson

Hljóðfæraleikur

Bjarni Freyr Ágústsson: **Gítar**

Björn Hafþór Guðmundsson: **Gítar**

Daníel Arason: **Hljómborð, gítar og saxófónn**

Daníel Friðjónsson: **Klarinett og saxófónn**

Einar Bragi Bragason: **Þverflauta**

Erik Quick: **Trommur og slagverk**

Garðar Eðvaldsson: **Saxófónn**

Garðar Harðarson: **Gítar og munnharpa**

Guðjón Steinar Þorláksson: **Bassi**

Guðmundur Rafnkell Gíslason: **Básúna**

Hafþór Valur Guðjónsson: **Gítar, bassi, hljómborð og trommur**

Jón Guðmundsson: **Þverflauta**

Svanhvít Aradóttir: **Franskt horn**

Svavar Sigurðsson: **Hammondorgel**

Danshljómsveit Friðjóns

Friðjón Jóhannsson, Árni J. Óðinsson, Daníel Friðjónsson,

Valmar Völjaots, Rut Berg Guðmundsdóttir og Brynleifur Hallsson

Útsetningar

Daníel Arason nema 1, 4, 6, 11, 12, 13, 14

1. **Við skulum ekki hafa hátt:** Einar Bragi Bragason og Daníel Arason

4. **Ég syng minn sólarbrag:** Hafþór Valur Guðjónsson og Daníel Arason

6. **Óvissan:** Hafþór Valur Guðjónsson

11. **Hann lætur koma jól:** Daníel Arason og Svavar Sigurðsson

12. **Besta gjöfin:** Daníel Arason og Svavar Sigurðsson

13. **Dansinn dunar:** Friðjón Ingi Jóhannsson, Valmar Völjaots og Björn Hafþór Guðmundsson

14. **Á vorsins vængjum:** Daníel Friðjónsson

Hljóðblöndun og „mastering“: Gunnar Smári Helgason

Yfirlestur : Björn Hafþór Guðmundsson, Daníel Arason og Stefán S. Bragason

Ljósmynd á forsiðu og í bók: Sigurður Jóhannesson

Ljósmynd á innsíðu: Páll Guðjónsson

Vídeo í „Veröld sem var“ á YouTube: Valgeir Þór Jakobsson

Hönnun umslags: Villi Warén

Framleiðsla: Tylius Optical Disc UAB í Vilnius

Upptökur fóru fram um víða veröld

